

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2022
UST202202-075/B.S.
10.05.07

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Fáskrúð - vatnsmiðlun í Hvanná. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 7. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Vegna óvenjulegra þurrka undanfarin ár er fyrirhugað að gera miðlunarlon með því að stífla Hvanná sem rennur í Fáskrúð. Markmið framkvæmdarinnar er að viðhalda lágmarksrennsli í Fáskrúð til verndar lífríki árinna og þá sérstaklega laxfiskum en mikil afföll hafa verið á seiðum þar sem auðvelt hefur verið fyrir fugl og mink að taka seiðin á grunnu vatni.

Stífluna er ætlunin að reisa úr efni sem tekið verður í lónsstæðinu og úr farvegi Hvannár. Þetta verður hefðbundin jarðvegsstífla en þó verður kjarni hennar úr mold. Grjót í rofvörn verður tekið í lóninu eða úr námu við Ljárskóga. Steypt botnrás verður í stíflunni og mun lónið verða um 0,58 km² að flatarmáli. Vegur/slóð liggur að lónsstæðinu.

Í greinargerðinni kemur fram að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði á gróður og telur Umhverfisstofnun það rétt mat. Í lónsstæðinu eru vistgerðir eins og starungsmýrarvist og lynngróavist auk brokflóavistar sem skilgreindar eru með mjög hátt verndargildi.

Umhverfisstofnun telur að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu ljós og ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að áður en ráðist verði í framkvæmdir verði gerð úttekt á gróðri í lónsstæðinu og hvort unnt sé að ráðast í mótvægisáðgerðir til að draga úr raski á gróðri með hátt verndargildi.

Virðingarfyllt,

Björn Stefánsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur